

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar Dalasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnarþing er að Staðarfelli.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kjallaksstaðaá, Tunguá og Flekkudalsá, en þær eru Kjallaksstaðir, Grund, Stóri-Galtardalur, Galtartunga, Stóra-Tunga, Orrahóll, Svinaskógur, Hallsstaðir, Túngarður, Staðarfell, Harastaðir og Ytrafell.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma,

og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Markarfljóts Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Markarfljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Markarfljóts, frá ósi í sjó og svo langt upp, sem fiskur gengur, og allra fiskgengra áa og lækja, sem í fljótið falla, en þær eru:

Í Vestur-Eyjafjallahreppi: Ytra-Seljaland, Seljaland II, Seljaland III, Seljalands-sel, Hamragarðar, Neðridalur, Miðdalur, Stóridalur, Eyvindarholt, Syðsta-Mörk, Miðmörk, Stóra-Mörk I, Stóra-Mörk II, Stóra Mörk III, Þórsmörk, Almennigar, Stakkholt, Steinholt, Merkurtungur, Tjarnir, Brúnir, Dalssel, Borgareyrar, Bjarkarland, Steinmóðarbær.

Í Austur-Landeyjahreppi: Bakki, Búðarhóll, Hólavatn, Lækjarhvammur, Svana-vatn, Grenstangi, Voðmúlstaðir, Leifsstaðir, Miðhjáleiga.